

Nd.

469. Nefndarállt

um frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.

Frá meiri hluta mentamálanefndar.

Nefndin hefir klosnað; viljum vjer, sem erum í meiri hlutanum, að frv. nái fram að ganga.

Frv. er að efni til að mestu leyti samhljóða frv. því, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi árið 1921, með þeim breytingum, sem meiri hluti mentamálanefndarinnar það ár vildi á því hafa. En frumvarp stjórnarinnar var því

nær samhljóða frumvarpi þeirra Guðm. Finnbogasonar og S. P. Sivertsens, sem stjórnin hafði falið að athuga skipulag mentaskólans í Reykjavík.

Með frumvarpi þessu er horfið frá því fyrirkomulagi á mentaskólanum, sem nú er; fer það fram á að taka lærða skólann upp aftur, með líku fyrirkomulagi sem var á honum fyrir 1905. Þá var það eingöngu markmið skólans að búa nemendurna undir vísinda- og embættisnám í æðri skólum og vísindastofnunum. Hann var þá óskiftur 6 ára skóli fyrir þá, sem ætluðu að ganga út á embættis- eða vísindabrautina í lífinu. Þessu var breytt með skifting mentaskólans í tvær deildir, gagnfræða- og lærdómsdeild. Reynslan hefir þegar sýnt, að þessi tvískifting í þriggja ára gagnfræðadeild og þriggja ára lærdómsdeild í 6 ára skóla er töluverðum vankvæðum bundin.

Markmið gagnfræðadeildarinnar er að veita nemendum hæfilegan undirbúning undir lífið, án þess að stunda vísindi eða gerast embættismenn. Námsgreinir og fyrirkomulag kenslunnar hljóta að verða með öðrum hætti í gagnfræðadeildinni en í lærdómsdeildinni. Þetta veldur töluverðri endurtekn-ing á náminu í sumum greinum fyrir þá nemnedur, sem halda áfram til þess að ná stúdentsprófi í lærdómsdeildinni, og verður til töluverðs tviverknaðar og tímatafar, og námið því ekki eins notaðjügt og verða mætti, ef skólinn væri óskiftur frá upphafi til enda.

Gagnfræðanámið í hinum tvískifta skóla getur hæglega freistað nemendanna til að halda áfram í mentastiganum, og þannig skapað meiri stúdenta-fjölda en þjóðin hefir þörf fyrir. Þetta hefir reynslan þegar leitt í ljós, og telur meiri hlutinn það engan kost á þessu fyrirkomulagi.

Síðan tvískiftingin komst á hefir aðsóknin að skólanum aukist stórkostlega ár frá ári. Í byrjun skólaársins 1920—21 voru nemendur 162, 1921—22 195 og í byrjun yfirstandandi skólaárs voru þeir 226. Reykjavík veldur mestu um þessa sívaxandi aðsókn. Meira en helmingur nemendanna mun nú vera Reykvikingar eða til heimilis í Reykjavík.

Skólahúsið er þegar orðið altöf litið; hefir þegar verið útbúin kenslustofa í útbyggingum skólans. Aukist aðsóknin, sem varla er efamál, verður að stækka skólahúsið að miklum mun. Hefir það afarmikinn kostnað í för með sjer. Á næsta hausti er viðbúið, að leigja verði kenslustofur utan skólahússins. Þann kost mætti að visu taka, að neita viðtöku í skólann sökum þrengsla, en það telur meiri hlutinn neyðarútræði.

Allur þorri nýsveinanna og nýmeyjanna úr Reykjavík eru börn undir og um fermingaraldur.

Það er auðvitað mikið hagræði fyrir Reykjavík, að geta notað þessa ríkisstofnun fyrir börn sín, sjer að kostnaðarlausu, þegar barnaskólanum sleppir; er þeim sist láandi, þótt þeir noti sjer þetta. Hitt orkar meir tvímælis, hvort það er sanugjarnt gagnvart öðrum landsmönnum, að ríkið beri allan þann kostnað, sem þessi sívaxandi aðsókn Reykvikinga hefir í för með sjer. Margir líta svo á, og þar á meðal ekki allfair Reykvikingar, að ríkinu beri ekki að kosta að öllu leyti unglíngamentun Reykjavíkur fremur en aðra unglíngamentun í landinu.

Væri skólinn gerður að einum óskiftum lærðum skóla, myndi við það eitt sparast offjár fyrir ríkið. Auk þess má vel gera ráð fyrir, að þá mætti aftur taka upp heimavistir í skólahúsinu fyrir mikinn hluta hinna fátækari nemenda utan af landsbygðinni, og drægi það ekki lítið úr skólavistarkostnaði þeirra.

Að því er kemur til hins andlega þroska og þekkingar stúdenta frá mentaskólanum síðan tvískiftingin var upp tekin, mun síður en svo vera um miklar framfarir að ræða frá gamla fyrirkomulaginu. Því til stuðnings má benda á svör háskólakennaranna við þar að lútandi spurningum frá þeim Guðmundi Finnbogasyni og S. P. Sivertsen í nefndaráriti þeirra um mentaskólann.

Háskólakennararnir telja andlegan þroska og kunnáttu stúdenta sist meiri, heldur minni í sumum greinum en áður var hjá stúdentum lærða skólans, og það í þeirri námsgrein, móðurmálinu, sem hverjum mentuðum manni er sist ætlandi að kunna ekki til nokkurrar hlitar; má óhætt fullyrða, að þessu valdi að meira eða minna leyti tvískifting kenslunnar.

Yfirleitt telja háskólakennararnir stúdentana miður þroskaða og lakar búna undir háskólanámið en stúdentar lærða skólans alment voru, og ber þar að sama brunni, kenslufyrirkomulaginu, sem leiðir af tvískifting skólans, og þar af leiðandi of skömmum tíma til lærðu mentunarinnar.

Samkvæmt stjórnarfrumvarpinu 1921 á latnesk tunga að vera ein af námsgreinum skólans, en ekki er þar eður í frumvarpi þeirra G. F. og S. P. S. gert ráð fyrir latinukunnáttu sem skilyrði fyrir viðtöku í skólann. Þetta er gert í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Meiri hluti mentamálanefndarinnar 1921 telur latinunámið eiga að vera eitt aðaluppeldis- og þroskameðal skólans. Meiri hlutinn er þessu alveg samdóma. Með inntökuprófi í latínu verður latinunámið nemendunum ljúfara og auðveldara, og þar af leiðandi til meiri andlegs þroska, en það telur meiri hlutinn aðalkostinn við þetta nám.

Annars er meiri hlutinn á því, að ekki beri að gera inntökuprófið svo auðvelt, að það veili sárlitla trygging fyrir nokkrum verulegum andlegum þroska og þekkingu nýsveinanna. Þeim verður námið því auðveldara og nota-drygra sem þeir koma þroskaðri og betur undirbúnir. Auk þess getur hæfilega strangt inntökupróf dregið úr of mikilli aðsókn að skólanum og komið í veg fyrir inntöku miður líklegra unglunga til náms. Skólanum er að öðru jöfnu meiri fengur í einum nemanda vel þroskuðum eftir aldri og vel undirbúnum en tveim eða jafnvel fleirum með litlum þroska til lífs og sálar, þótt þeir kunni að geta kóklast inn í skólann.

Meiri hlutinn vill meðfram af þessum ástæðum hækka aldurstakmarkið til inntökuprófs upp í 13 ár.

Meiri hlutinn telur enga þörf á miklu fleiri stúdentum en þarf til þess að fullnægja þörf þjóðarinnar á háskólamentuðum mönnum.

Verði frumvarp þetta að lögum, sparast ríkissjóði tugir eða jafnvel hundruð þúsundir króna; auk þess er með því lengin meiri trygging fyrir nothæfri kenslu í skólanum og því betri undirbúningi stúdentanna undir háskólanámið. Gagnfræðamentunin myndi heldur engu tapa við þessa breytingu.

Enginn efi er á því, að Reykjavík myndi mjög bráðlega koma sjer upp myndarlegum unglunga- og gagnfræðaskóla, jafnvel betur sniðnum eftir þörfum nemandanna en gagnfræðadeildin nú er. Meiri hlutinn telur sjálfsagt, að ríkið styrki þann skóla, en þó honum væri veittur allríflegur styrkur af ríkisfje, myndi um stórkostlegan fjársparnað að ræða.

Að öllu þessu athuguðu telur meiri hlutinn sjálfsagt að afgreiða þetta mál á þessu þingi.

Nokkrar breytingar vill meiri hlutinn gera á frumvarpinu; eru þær flestallar aðeins orðabreytingar; ræður hann háttv. deild að samþykkja frv. með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
Eftir »sagnfræði« komi: bókmentafræði, landafræði.
2. Við 4. gr.
 - a. Upphaf greinarinnar verður þannig:
Viðtöku í fyrsta bekk skólans fá engir, sem eru yngri en 13 ára o. s. frv.
 - b. Aftan við 1. málsgrein bætist:
Ákvæði samkvæm þessu gilda um viðtöku í aðra bekki.
 - c. Fyrir »kunnátturaun« í annari málsgrein kemur: próf, og fyrir »sömu reynd« í síðustu málsgrein kemur: sama próf.
3. Við 5. gr.
Fyrir »tvær kunnáttureyndir« kemur: tvenskonar próf, fyrir »ársreynd« kemur: árspróf, orðið »fullnemareynd« fellur niður, og fyrir »allar lögskipaðar kunnáttureyndir« kemur: öll lögskipuð próf.
4. Við 6. gr.
Fyrir »ársreynd« og »fullreynd« kemur: árspróf og stúdentspróf.
5. Við 10. gr.
Fyrir »kunnátturaun« kemur: próf.
6. Við 11. gr.
Aftan við greinina bætist:
Skólalækni skal borga eftir samningi.
7. Við 12. gr.
Greinin fellur niður.
8. Við 14. gr.
Fyrir »kunnátturaun« kemur: próf, og fyrir »viðtökuraun« kemur: inntökupróf.

Alþingi, 27. apríl 1923.

Sigurður Stefánsson,
frsm. meiri hlutans,

Magnús Pjetursson,

Einar Þorgilsson,